

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 119/2004**

**frá 24. september 2004**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2004 frá 9. júlí 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2003 frá 24. október 2003 um að samþykkja innanlandsáætlanir varðandi varnir gegn riðuveiki í tilteknum aðildarríkjum, um ákvörðun á frekari tryggingum og um að veita undanþágur varðandi áætlanir um kynbætur sem miða að því að mynda þol gegn smitandi heilahrörnun í sauðfé samkvæmt ákvörðun 2003/100/EB <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/828/EB frá 25. nóvember 2003 um verndar- og eftirlitssvæði að því er varðar blátungu <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/859/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á ákvörðun 2002/106/EB að því er varðar greiningarprófun fyrir svínapest <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/886/EB frá 10. desember 2003 þar sem mælt er fyrir um viðmið fyrir upplýsingar sem láta á í té í samræmi við tilskipun ráðsins 64/432/EBE <sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 6) Með ákvörðun 2003/828/EB er felld úr gildi ákvörðun 2003/218/EB <sup>(6)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.
- 7) Ákvörðun þessi á hvorki að gilda á Íslandi né í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 311, 27.11.2003, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 55.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 332, 19.12.2003, bls. 53.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 82, 29.3.2003, bls. 35.

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1874/2003 og ákvarðana 2003/828/EB, 2003/859/EB og 2003/886/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2004

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 23. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/106/EB) í hluta 3.2:  
  
„, eins og henni var breytt með:  
  
- **32003 D 0859**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/859/EB frá 5. desember 2003 (Stjtíð. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 55).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/466/EB) í hluta 3.2:  
  
„30. **32003 D 0828**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/828/EB frá 25. nóvember 2003 um verndar- og eftirlitssvæði að því er varðar blátungu (Stjtíð. ESB L 311, 27.11.2003, bls. 41).“
3. Texti 27. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/218/EB) í hluta 3.2 falli brott.
4. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 73. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/466/EB) í hluta 4.2:  
  
„74. **32003 D 0886**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/886/EB frá 10. desember 2003 þar sem mælt er fyrir um viðmið fyrir upplýsingar sem láta á í té í samræmi við tilskipun ráðsins 64/432/EBE (Stjtíð. ESB L 332, 19.12.2003, bls. 53).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 20. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/100/EB) í hluta 7.2:  
  
„21. **32003 R 1874**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1874/2003 frá 24. október 2003 um að samþykkja innanlandsáætlanir varðandi varnir gegn riðuveiki í tilteknum aðildarríkjum, um ákvörðun á frekari tryggingum og um að veita undanþágur varðandi áætlanir um kynbætur sem miða að því að mynda þol gegn smitandi heilahrönnun í sauðfé samkvæmt ákvörðun 2003/100/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 12).“